

## REGLUR

### um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

*Almennt.*

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands er rannsókna- og þjónustustofnun sem starfrækt er af heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og Landspítalanum.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðisvísindasvið, og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði erfðafræði.

#### 2. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk erfðafræðinefndar er:

- a. að efla erfðafræðilegar rannsóknir sem unnið er að við Háskóla Íslands, Landspítalann og víðar,
- b. að varðveita og reka gagnabanka nefndarinnar um ættfræði,
- c. að sinna þjónustuverkefnum á sviði ætt- og erfðafræði, þar með talið erfðaráðgjöf og
- d. að stuðla að sterkum tengslum innan og utan háskólans við atvinnu- og þjóðlíf.

#### 3. gr.

*Aðstaða.*

Starfsaðstaða stofnunarinnar er tilgreind í samningi háskólans og Landspítalans um erfðafræðinefnd. Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

#### 4. gr.

*Skipan stjórnar.*

Forseti heilbrigðisvísindasviðs háskólans skipar sjö menn til setu í stjórn erfðafræðinefndar til briggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu vera tilnefndir af heilbrigðisvísindasviði, tveir af forstjóra Landspítalans, einn af Þjóðskrá (dómsmála- og mannréttindaráðuneyti), einn af landlækni og einn af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Í stjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í því skyni skal þess farið á leit við tilnefningaraðila að þeir tilnefni hverju sinni bæði karl og konu til setu í stjórn. Formaður stjórnar skal vera fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs, en stjórnin kýs sér varaformann og ritara úr hópi hinna. Formaður, varaformaður og ritari mynda briggja manna framkvæmdastjórn undir forystu formanns. Umboð framkvæmdastjórnar ræðst af ákvörðun stjórnar.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður fyrir starfsemi erfðafræðinefndar kemur formaður stjórnar fram fyrir hennar hönd, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum sem stjórnin hefur tekið.

#### 5. gr.

*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með briggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundi óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Sé ráðinn forstöðumaður fyrir starfsemi nefndarinnar situr hann stjórnarfundi með málfrelni og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

## 6. gr.

*Ábyrgð og verkefni stjórnar.*

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir um störf stofnunarinnar, setur starfseminni rannsóknastefnu og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna. Þá ber stjórnin ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart heilbrigðisvíndasviði og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða starfsemina.

## 7. gr.

*Forstöðumaður og starfsmenn.*

Heimilt er forseta heilbrigðisvíndasviðs, að fenginni tillögu stjórnar, að ráða forstöðumann fyrir starfsemi erfðafræðinefndar. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður að jafnaði hafa doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf. Forseti heilbrigðisvíndasviðs setur forstöðumannni erindisbréf, að höfðu samráði við rektor, í samræmi við samning heilbrigðisvíndasviðs og Landspítalans.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar í samræmi við samning heilbrigðisvíndasviðs og Landspítalans og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórn felur honum.

Um ráðningu starfsfólks fer að öðru leyti eftir ákvæðum sameiginlegra reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

## 8. gr.

*Fjármál.*

Tekjur erfðafræðinefndar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- fjárveitingar skv. ákvörðun Landspítalans,
- framlag skv. samstarfssamningum við aðila utan háskólans og sjúkrahússins,
- styrkir til einstakra verkefna,
- greiðslur fyrir þjónustustarfsemi byggðar á gjaldskrá nefndarinnar sem heilbrigðisvíndasvið hefur staðfest,
- aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald erfðafræðinefndar skal vera hluti af reikningshaldi heilbrigðisvíndasviðs. Fjárhagsáætlun og uppgjör skulu borin undir forseta heilbrigðisvíndasviðs og ber að leggja fram og kynna í stjórn sviðsins. Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 73. gr. sameiginlegra reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

Veiti stofnunin þjónustu í samkeppni við aðra aðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sa rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislagta.

## 9. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að tillögu stjórnar heilbrigðisvíndasviðs samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 500/2002 um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

*Háskóla Íslands, 11. desember 2009.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Pórður Kristinsson.*